



Alþingi
Erindi nr. P 141/1414
komudagur 8.2.2013



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingskjal 582 – 458. mál. Tillaga til þingsálytkunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu seitarstjórnarkosninga árið 2014.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) vill lýsa ánægju sinni með þá tillögu að framkvæmdaáætlun í barnavernd sem nú liggur fyrir. Anni G. Haugen, lektor í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands vann álitid. Ástæða er til að nefna hér sérstaklega eftirfarandi atriði:

1. RBF vill undirstrika mikilvægi þess að styrkja grunnstarfið í barnavernd með fræðslu og kennslu fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda. Flest þeirra barna sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af fá stuðning og aðstoð á sínu heimili og öflug fræðsla, hvatning og leiðbeiningar til þeirra sem sinna því starfi er mikilvægur svo og að hlusta á raddir þeirra. RBF vill jafnframt benda á mikilvægi þess að ríkið (Barnaverndarstofa) aðstoði nefndir við að þróa ný stuðningsúrræði fyrir börn og foreldra þeirra í heimabyggð.
2. Lengi hefur verið þörf á öflugra meðferðarúrræði fyrir börn og ungmenni í vímuefnaneyslu og löngu er tímabært að koma slíku úrræði á.
3. Í tillögunni eru nefnd nokkur tilraunaverkefni sem verið hafa í boði fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. hópmeðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi og meðferð tilkynninga um heimilisofbeldi. Báðum þessum verkefnum er nú lokið og því mikilvægt að taka saman reynsluna af þeim með það í huga hvort halda beri þeim áfram eða hvort styrkja eigi barnaverndarnefndir/barnaverndarstarfsmenn til að takast á við þennan málaflok

f.d. Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd

framkvæmdastjóri